

Rannsóknin: Þekking barna á ofbeldi á heimilum Málstofa á Barnaverndarstofu 1. október 2007

Tímabil: 2006 – 2008.

Verkefnið er styrkt af Rannsóknasjóði og
Rannsóknarsjóði KHÍ.

Byggir á rannsókn Mullender o. fl. (2002).

Rannsóknarhópur við KHÍ:

Guðrún Kristinsdóttir (GK) prófessor,
verkefnisstjóri,

Ingibjörg H. Harðardóttir, lektor, forsvarsmaður
ásamt GK

Margrét Ólafsdóttir aðjúnt,

Steinunn Gestsdóttir, lektor.

Ragnhildur Jónsdóttir, M.Ed., námsráðgjafi.

M.Ed. nemar:

Bergþóra Gísladóttir, sérkennari

Nanna Þ. Andrésdóttir, sérkennari.



- Kynning á verkefni og þátttakendum
- Þekking barna á orðinu heimilisofbeldi
- Skilgreiningar barna á heimilisofbeldi
- Að hvaða marki þekkja þau til þess
- Afstaða til hegðunar foreldra
- Hvar þau heyra um það
- Dæmi um myndefni í svörum
- Ályktanir

Þríþætt markmið

1. Að athuga almenna þekkingu og skilning 9 – 16 ára barna á ofbeldi á heimilum. Spurningalistakönnun. Verður fjallað um hér.
2. Að rannsaka þekkingu, skilning, reynslu, áhrif og viðbrögð barna sem hafa lifað við slíkt ofbeldi. Viðtalsathugun. Hófst í jan. 2007.
3. Að athuga sýn á börn í almennri umfjöllun um ofbeldi á heimilum. Orðræðugreining. Í gangi.

Áhersla í þessari rannsókn

- Sjónarhóll barnsins er sérstæður og að sumu leyti aðskilinn frá sjónarhóli fullorðinna.
- Túlkun barna á ofbeldi á heimili er háð túlkun foreldra þeirra, sérstaklega af samræðum þeirra og þögn. Sjónarhóll móður og föður veitir börnum tvíátta leiðsögn. Börnin (sem verða fyrir ofbeldinu/innskGK) verða óbeinir aðilar, staða þeirra er ekki á einn veg heldur ræðst af viðbrögðum þeirra (Hydén, 1994;123).
- Verkefni okkar nær til almenns hóps barna.



Myndin er sótt af heimasíðu leikskóla í Reykjavík og börnin eru rannsókninni óviðkomandi.

Bakgrunnur og tengsl þátttakenda við ofbeldið*

Búast mátti við að meðal svarenda væri að finna:

Börn

- Með eða án þekkingar af tilteknu ofbeldi á heimilum.
- Með eða án umtalsverðrar reynslu af ofbeldi á heimilum. Með beina reynslu af ofbeldi á heimilum.
- Í þessu eins og öðru bæru börnin saman „innri” og „ytri” raunveruleika og þá merkingu sem þau legðu í hugtakið *heimilisofbeldi*.
- Siðfræðileg álitamál voru ofarlega í huga við framkvæmd rannsóknarinnar.

Nokkur orð um tilhögun

Samvinna við skóla
Upplýst samþykki foreldra
Skriflegt samþykki barna
Fræðsla fyrir kennara
Upplýsingar til barna
Viðvera í skóla á eftir
Rannsakendur önnuðust
fyrirlögn.
Bréf þýdd á ensku og túlkuð
á 7 tungumál.



Heimilisofbeldi - ofbeldi á heimili. *

- *Heimilisofbeldi* skilgreina margir sem: Tilfinningalegt, andlegt, líkamlegt, kynferðislegt ofbeldi karls gegn konu eða öfugt (og stundum barni) sem hann/hún er/ hefur verið tengdur nánum böndum.* Flestir tengja það valdbeitingu. (Mirless-Black, 1991, Walby og Allen, 2004 í Radford og Hester, 2006; Mullender o.fl., 2002).
- Yfirráð karla og hefðbundnar hugmyndir um móðurhlutverkið gera konur berskjaldaðri í ofbeldisaðstæðum en karla.
- Er barn lifir við heimilisofbeldi telst slíkt vera ofbeldi gegn barninu. Um það notum við hugtakið *ofbeldi á heimili*.
- Heimilisofbeldi (milli fullorðinna) fer oft saman við ofbeldi gegn barni og vanrækslu barns (í um 30-50% tilvika skv. Hughes, 1992, Edleson, 1995 í McGee, 2000).
- *Kyngervi* og *kynslóðabil* skiptir hér meginmáli og marka þau fyrirbæri stöðu aðila.

Rannsóknur á heimilisofbeldi má skipta í þrjá flokka*

- Íslenskar rannsóknir eru fáar.
- Hildigunnur Ólafsdóttir o. fl. 1982, Sigríður Halldórsdóttir, 2005, Skýrsla dómsmálaráðherra, 1997, Jóhanna K. Jónsdóttir og Þorbjörg Sveinsd., 2004; Sigrún Júlíusdóttir, o. fl. 1995, Hrefna Ólafsdóttir, 2002.
- Almenn þekking barna: Mullender o. fl. 2002, McGee, 2000)
- Reynsla barna:
- Hester & Radford, 1992, Hester o.fl. margar greinar/rit.
- Weinehall, 1997, McGee, 2000, Mason og Falloon, 2001.
- Forsberg, 2002. (Leskinen, 1982), Cater, 2002.
- Ofbeldi og vanræksla - skráð barnaverndarmál: Talsvert rannsakað.

Hugtök *

- Aldur
- Samsömun
- Kynmótun
- Fyrirmyndir – föður- og móðurímynd
- Hugmyndir um hlutverk móður og föður, karla og kvenna.

Áhrif ofbeldis á heimilum hjá börnum

- Áhrif ofbeldis á heimilum gegn börnum spanna frá skaða fyrir fæðingu til ótta, ógnunar, sjálfsmorðs- og annarar lífshættu til dauða (Hornor, 2005).
- Algengustu áhrifin eru *ótti* (Mullender o.fl.,2002).
- Margt annað má nefna s.s. uppnám, depurð, reiði, skömm, líkamleg einkenni, streitu, skerta sjálfsmynd og sjálfsvirðingu. Birtist stundum í skóla sem einbeitingarleysi, árásargirni og hegðunarerfiðleikar (McGee, 2000).

Fyrirliggjandi þekking

- Af litlu er að taka um almenna þekkingu barna á efninu. (McGee, 2000, Mullender o.fl. 2002, Seith og Böckmann, 2006).
- Almennt: Sænskar rannsóknir sýna að hugmyndir eru kynbundnar nánnum, t.d. 7- 8 ára stúlur um drengi og karlmennsku og 16 – 18 ára stúlkur um ofbeldissambönd.
- Börn með reynslu: Margar rannsóknir á áhrifum og afleiðingum heimilisofbeldis fyrir börn. Fjölskylduofbeldi er áhættuþáttur.
- Rannsóknir á áhrifum sýna að börn stríða við aukinn hegðunar- og tilfinningavanda en niðurstöður eru ósamhljóma um kynjamun (Edleson, 1999). Sumar sýna ekki mun eftir aldri, kyngervi eða afdrifum (Wolfe o.fl., 2003).
- Að verða vitni að ofbeldi virðist hafa áhrif á þroska barns, vera skaðlegur umhverfispáttur og leiða til ófyrirsjáanlegra og oft neikvæðra afleiðinga (Wolfe, 2003 o.fl., 2003).

Okkar rannsókn er hliðstæð breskri rannsókn Mullender o. fl. 2002

Brot úr þeirra niðurstöðum:

Almenn þekking:

- 71 % eldri og 37% yngri barna þekktu hugtakið „heimilisofbeldi“.
- Um 30 % þekktu einhvern með reynslu af heimilisofbeldi.*
- Börnin lögðu mismunandi skilning í hugtakið.*
- Mörg börn lögðu ógnanir til jafns við barsmíðar (73% - 57%).

Kynjamunur:

- Eldri drengir töldu síður að um ofbeldi væri að ræða í aðstæðum sem yngri börn skilgreindu sem ofbeldisfull.
- Yngri stúlkur voru líklegri til að telja athafnir karla gegn konum ofbeldi en þegar kona gerði sama við karl (t.d. rífa í hár hins)

Ósk um fræðslu: Flestir unglingar og um helmingur yngri barna óskaði eftir fræðslu í um heimilisofbeldi í skóla; um orsakir og hvernig mætti stoppa það.

Spurningalistakönnun 2006*

Aldursskiptir listar:

Börn 4.- 6. bekk

(N=563)

Unglingar í 7. - 10. bekk

(N=562)

39 spurningar (börn)

67spurningar(unglingar).

Bakgrunnsbreytur:

aldur, kynferði,
fjölskyldugerð,
uppruni, búseta
(dreifbýli, þéttbýli,
höfuðborgarsvæði),
heilsufar, fötlun og hjá
unglingum afstaða til
trúar og trúarbragða
og kynhneigð.

Á aftasta blaðið gátu börnin skrifað eða teiknað. Dæmi um hvað börn skrifuðu:

„Ég er anað og það er ekkert að”

„Alt í fína heima hjá mér”

„Grafarþögn Arnaldar Indriðasonar”

„Af hverju er bara spurt um karla lemja konur. Konur geta alveg eins lamið karla eða þeim ofbeldi”

„Boring”

„Þetta var fróðlegt og gaman.”

„Ég ætla að þaga ykkur fyrir þessa könnun. TAKK”

„Mér finnst þessi könnun vera mjög góð með að athuga hvað unglíngum finnst um málefnið. Samt sem áður finnst mér það ónáuðsynlegt að foreldrar þurfi að skrifa undir því ef eitthvert foreldri mundi beita heimilisofbeldi þá myndi hann/hún ekki vilja láta barnið sitt taka könnun um það.”

Þátttaka

Svarhlutfall var 68.4%

BÚSETA

4 landssvæði - 13 skólar.

43,6% bjuggu á höfuðborgarsvæði

48,3% í öðru þéttbýli

8,1% í dreifbýli (sóst eftir því).

KYN:

45.7% stúlkur og 54.3% drengir, ívið hærra % drengja en þýði.

UPPRUNI

91,2% sögðu báða foreldra frá Íslandi.

9,2% sögðu annað eða bæði foreldri frá öðru landi en Íslandi.

17 börn áttu bæði móður og föður af erlendum uppruna.


11% fengu séraðstoð vegna lestrar-eða skriftarerfiðleika, einbeitingar- eða tungumáls.

Bakgrunnur fjölskyldugerð

Fjölskyldugerð á heimili 1	N	Hlutfall (%)
Mamma og pabbi	822	73,9
Bara mamma	129	11,6
Mamma og stjúpforeldri	118	10,6
Bara pabbi	24	2,2
Pabbi og stjúpforeldri	12	1,1
Annað	7	0,6

Þekking á orðinu heimilisofbeldi

Hefur þú einhvern tímann áður heyrt orðið „heimilisofbeldi“?




Skilningur á því hvað felst í heimilisofbeldi

Hvað heldurðu að átt sé við þegar talað er um „heimilisofbeldi“?
Hlutfallstölur


	Börn	Unglingar
Ofbeldi á heimilum (spurning endurtekin)	25,6	23,0
Veit ekki, virðist ekki skilja spurninguna, svara ekki	27,3	4,6
Samtals gefa ekki svar:	52,9	27,5
Foreldrar/eldri systkini meiða/lemja börnin	13,5	29,7
Gerandi (fjölskyldumeðlimur) tilgreindur: „Pabbinn lemur mömmuna“, „einn meiðir annan“	11,2	23,5
Almennt svar, en yfirleitt tilvísun í líkamlegt ofbeldi		
„Verið að rífast og slást“, „Slagur á heimilinu“	10,7	12,6
Kynferðislegt ofbeldi er tiltekið	1,8	5,9
Rífrildi, blóta, öskra	7,8	0,4
Annað	2,1	0,4

Hvar börn og unglingar heyra um heimilisofbeldi. Hlutfallstölur


Mynd 2 - Hvar heyrðir þú um heimilisofbeldi? Allir svarendur.




Hvar börn og unglingar heyra um heimilisofbeldi – Hlutfall eftir aldri




Þekking til heimilisofbeldis eftir aldri




Talsverður munur á fjölda breskra og íslenskra barna sem segjast þekkja til heimilisofbeldis



Afstaða til þess að foreldrar rífast eða lemji hvort annað




Hugmyndir barna um viðbrögð við ofbeldi gegn mömmu




Hvar börn og unglingar heyra um heimilisofbeldi. Hlutfallstölur


Mynd 2 - Hvar heyrðir þú um heimilisofbeldi? Allir svaendur.



Hvar börn og unglingar heyra um heimilisofbeldi – Hlutfall eftir aldri



Hvar drengir og stúlkur heyra um heimilisofbeldi. Hlutfallstölur



Umfjöllun um ofbeldi í skóla

- Þátttakendur voru spurðir hvort þeir vildu að fjallað yrði um ofbeldi á heimilum í skólanum.
- 20,4% (229) eru óvissir eða svara ekki.
- Af þeim sem svara telur meirihluti, eða 76,9% (689), að börn og unglingar ættu að læra í skólanum um ofbeldi á heimilum.

Útbreidd þekking

Börn taka afstöðu gegn heimilisofbeldi

- Þekking, skilningur og viðhorf frá sjónarhóli barna eru viðfangsefni verkefnisins.
- Frumathugun hérlendis.
- Íslensk börn þekkja orðið heimilisofbeldi ágætlega, 52% 9 ára, >90% 12 ára, 16 ára 95%.
- Skilningur: Yngri drengir skilja orðið heimilisofbeldi oftast sem líkamleg átök, unglingsstúlkur svara oftast og nákvæmar en unglingsdrengir.
- Vitneskja um ofbeldi: Tæpur ¼ þekkir einhvern sem hefur orðið fyrir ofbeldi heima hjá sér og aldursmunur virðist ekki vera á þessu. Hluti svarenda tengir svarið við þessu við eigin reynslu, Nokkur hluti „vill ekki svara“ eða 11% unglinga og 4% barna. Algengara er að segjast þekkja einhvern með eigin reynslu hér en í Bretlandi.
- Afstaða: Taka afdráttarlausari afstöðu gegn líkamlegu ofbeldi en bresk börn.
- Leita til hverra: Ef mamma er beitt ofbeldi heima: Vilja oftast leita til systkina/ afa og ömmu. Unglingar tregir að leita til lögreglu.
- Hvar þau heyra: Unglingsstúlkur heyra um heimilisofbeldi á fleiri stöðum en aðrar svarendur og tala oftast um það við vini sína. Kynjamunur á þessi meðal unglinga.
- Börn og unglingar heyra oftast um heimilisofbeldi í gegnum ópersónuleg kynni. Fjölmiðlar og þ. m. t. Netið virðast skipta talsverðu máli sem uppspretta vitneskju um heimilisofbeldi og sérlega meðal unglinga. Spyrja þarf hvaða afleiðingar þetta hvort tveggja hefur og hvort ekki þarf að bæta úr því.
- Ósk um fræðslu: Meirihluti svarenda vill læra um ofbeldi á heimilum í skóla, um hvað það er, afleiðingar og hvað er hægt að gera. Um fjórðungur er þó óviss í afstöðu til fræðslu.